




FRÓÐI

Febrúar 2015

Fréttabréf Ingunnarskóla

Símanotkun nemenda

Mikil umræða hefur verið um símanotkun nemenda í skólanum. Ef símarnir eru með í för þá eru þeir gjarnan teknir upp í ýmsum aðstæðum, þótt slíkt sé ekki í boði að öllu jöfnu. Við viljum biðja foreldra að ræða símnotkun við sitt barn, helst að hafa þessi tæki heima svo þau freisti ekki né sé hætta á að þau skemmist eða hverfi í þeirra fórum hér yfir daginn.



Kaffispjall

Í vetur verður foreldrum Ingunnarskóla boðið reglulega í morgunkaffispjall með stjórnendum. Áhersla verður lögð á að fólk hafi tök á að ræða skóla- starfið á frjálsglegan hátt og viljum við eindregið hvetja foreldra til að gefa sér tíma til að mæta á þessa fundi með okkur. Nú styttist í næsta spjall sem verður 2. mars hjá 1. bekk, 3. mars hjá 2. - 3. bekk, 4. mars hjá 4. - 5. bekk, 5. mars hjá 6. - 7. bekk og að lokum 6. mars hjá 8.-10. bekk. Spjallið byrjar kl. **8:15** og er til **9:00**. **Allar þessar upplýsingar er einnig að finna á skóla- og við- burðadagatali vetrarins á heimasíðu skólans.**

Foreldrar eru alltaf velkomnir á samveru sem er á hverjum föstudegi klukkan 9:00-9:30. **Foreldrar eru líka alltaf velkomnir í skólann en það er góð regla að gera boð á undan sér við umsjónarkennara til að kanna hvernig staðan er.** Minnum á nýja stefnu um foreldrasamstarf á heimasíðu skólans.

Teymisvinna og samkennsla

Í Ingunnarskóla er stefnt að því að veita nemendum skólans bestu mögulegu tækifæri til að þroskast í fjölbreyttu og skapandi námsumhverfi. Leiðarljós skólans er að nemendur verði sjálfstæðir og skapandi, virkir og ábyrgir einstaklingar sem geta tekist á við síbreytilegt nútíma samfélag. Þeir eru hvattir til að taka ábyrgð á eigin námi og stuðlað er að því að þeir sjái tilgang í því sem þeir eru að vinna að. Áhersla er á að efla nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og að þeir læri að leita sér upplýsinga með fjölbreyttum hætti. Mikilvægur þáttur í skólastarfinu er að örva sjálfstæða og gagnrýna hugsun og leitast er við að gera það á sem flestum sviðum skólastarfsins.

Samkennsla er í 2.-7. bekk en samkennsla er þegar tveimur eða fleiri árgöngum er kennt saman í einum hópi án aðgreiningar eftir aldri eða námsgetu. Markmiðið er að nemendum sé skapað námsumhverfi og kennsla við sitt hæfi, jafnframt því að nemendahópurinn eigi samleið sem hópur eða bekkjarheild.

Samkennsla fellur vel að hugmyndum um fjölgreindir og einstaklingsmiðað nám. Hún krefst ólíkrar nálgunar, ýtir undir fjölbreytni í kennsluháttum og námsumhverfi, örvar samskipti nemenda og kallar á einstaklingsmiðað nám og kennslu. Auk þess ýtir samkennsla undir sjálfstæði hvers nemanda og ábyrgð hans á eigin námi. Hún býður einnig upp á jafningjafraðslu, kallar á að nemendur syni frumkvæði og sjálfstæði og ekki síst aukið úrval félaga. Nemendur í samkennsluhópi eru á ólíkum aldri og búa yfir mismunandi þroska og getu. Þeir læra að það er eðlilegt að vinna misjafnlega hratt og að þeir hafi ólík áhugasvið og fjölbreytta færni.

Samkennsla og teymiskennsla felur í sér:

- Að fjölbreyttum námshópum er blandað saman
- Sveigjanlega hópaskiptingu sem þjónar ólíkum þörfum nemenda
- Skipulag skólastarfs sem byggist á náinni samvinnu kennara og nemenda þar sem kennarinn er til aðstoðar
- Að kennslan taki mið af þroska og þörfum nemenda, byggi á virkni nemenda og þekkingarleit
- Mikla áherslu á samvinnunám, þemanám, og samþættingu námsgreina
- Stöðvavinnu og hringekjur með mismunandi þrepaskiptum verkefnum fyrir nemendur
- Aukin tækifæri til fjölbreyttra kennsluaðferða og vinnubragða nemenda, ásamt símati á verkefnum

Í samkennsluhópum þjálfast nemendur í að eiga námsleg samskipti við eldri og yngri nemendur, læra að veita og þiggja aðstoð frá bekkjarfélögum og átta sig á því að þeir geta lært af bekkjarfélögum sínum og geta líka miðlað til annarra. Auk þess læra nemendur félagsleg samskipti sem styrkja ábyrgð, forystu og félagslega færni. Rannsóknir benda til að nám og starf nemenda í aldursblönduðum hópum hafi örvandi áhrif á félagslegan þroska þeirra og efla forystu og félagslega ábyrga hegðun svo



sem að hjálpast að, deila, skiptast á, taka tillit til annarra, segja satt o.s.frv. Rannsóknir leiða einnig í ljós að í aldursblönduðum nemendahópum sé auðveldara að skapa bekkjaranda sem einkennist af samhjálp, umburðarlyndi og umhyggju en til að svo megi vera verður að skipuleggja námsaðstæður þannig að kostir aldursblöndunarinnar fái að njóta sín. Einnig hefur verið sýnt fram á að ekkert mælir gegn því að nemendur vinni hluta úr deginum í aldursblönduðum hópum og hluta úr deginum með sínum jafnöldrum.

Ingunnarskóli fékk síðastliðið haust styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til að þróa enn frekar kennsluhætti í samkennslu og teymiskennslu í opnum rýmum. Markmið verkefnisins er að þróa kennsluhætti með það að leiðarljósi að ýta undir fjölbreytni og nýjungar sem stuðlað geta að auknum félagslegum tengslum milli nemenda bæði innan árgangs og svæðis. Auk þess er verkefninu ætlað að ýta undir aukinn áhuga nemenda, námsárangur og vellíðan.

Ingunnarskóla var frá upphafi ætlað að vera leiðandi í þróun kennsluhátta sem byggja á einstaklingsmiðuðu námi með áherslu á samkennslu, teymisvinnu kennara, virkni og ábyrgð nemenda, heildstæð viðfangsefni, samvinnunám og sköpun, auk náninna tengsla við grenndar-samfélagið. Þróunarverkefnið tengist þessari meginstefnu og Ingvar Sigurgeirsson, prófessor í Kennaradeild Háskóla Íslands, hefur tekið að sér að vera kennarateymum innan handar við mótun þessara verkefna og mati á því hvernig til tekst.

Hér fyrir neðan eru tenglar á áhugaverðar greinar um samkennslu og teymiskennslu.

<http://netla.hi.is/menntakvika2012/001.pdf>

<http://www.ismennt.is/vefir/sfs/vegprbrmiller.html>



1. bekkur



Nemendur í 1. bekk eru þessa dagana að velta sér upp úr ævintýrum. Margs konar kynja-verur hafa litið dagsins ljós og meðal annars prýða þær glugga kennslustofunnar. Það reyndi á að vinna saman í hóp og finna sameiginlegan sköpunarflöt. En að lokum stukku fram fullskapaðar ævintýraverur. Frosen persónur voru mjög vinsælar hjá dömum en drengirnir voru fjölbreyttari í sínu vali. Fyrstu bekkingar hafa líka verið mjög duglegir við að safna pökkum og hafa af þeim sökum oft náð umbun í vetur. Flottir krakkar þar á ferð.



6.-7. bekkur

Gamalt og nýtt

Í 6. og 7. bekk er þemanu um *Trúarbrögð heimsins* nýlokið. Þar fengu nemendur fræðslu um helstu atriði í stærstu eða algengustu trúarbrögðum heimsins, utan kristinnar trúar. Nemendur kynntust því hvað guðshús og helgirit kallast í öðrum trúarbrögðum og eins hvaða hátíðir eru haldnar. Mikil forvitni lék á að vita hvort önnur trúarbrögð héldu jólin hátíðleg líkt og við gerum og var mikill samanburður meðal nemenda við kristnina sem þau þekkja svo vel í gegnum okkar siði og menningu.

Nú erum við að kynnst eðlisfræði hljóðs og ljóss í *Visindapema um bylgjur, ljós og hljóð*. **Þetta er stutt þema og mikil keyrsla í gegnum erfiðan** fræðitexta. Næsta þema á eftir er stórt og mikið og er *Bókmenntapema*. Þá lesum við saman Njálu, aðgengilega útgáfu fyrir ungu kynslóðina, og vinnum margvísleg verkefni samhliða henni. Í mars höldum við árlegu gleðivikuna okkar hátíðlega með margvíslegum hætti. Nánari útfærsla á eftir að skýrast á næstu dögum. Þá tókum við þrjá daga til að brjóta aðeins upp starfið hjá okkur og auka gleði og efla hópinn.



Söngur, dans og gleði

Janúar leið ansi hratt hjá okkur þrátt fyrir að vera fremur langur og dimmur mánuður. Febrúar er mættur með tilheyrandi bolludags- og öskudagstílhlokkun. Við breyttum borðaröðun og í tiltekta lotu tókum við upp á því að spila smá tónlist (eins og oft áður) og voru nemendur snöggir til og tóku sporið. Nánast allir sem einn. Þetta var virkilega skemmtilegt og er þegar búið að leggja inn pöntun fyrir slíkri dansgleði að lágmarki vikulega ☺

Sýning um íslenskt atvinnulíf

Víkuna 19. - 23. janúar var sett upp Sýning um íslenskt atvinnulíf í Ingunnarskóla. Sýningin var sett af stað í Háskólanum á Bifröst og eru það 35 fyrirtæki af öllum sviðum atvinnulífsins sem kynna sig á nýstárlegan og aðgengilegan hátt. Rauði þráðurinn er að sýna þann dug sem býr í íslensku atvinnulífi og þau verðmæti sem þar eru sköpuð daglega. Meðal fyrirtækja má nefna; Marel, Elkem, Mjólkursamsöluna, N1, Íslandspóst, Icelandic Group, Icelandair, Bláa Lónið, Hagkaup, Landsnet, Samál og fleiri.

Í framhaldinu var ákveðið að kynna sýninguna í framhalds- og grunnskólum landsins til að efla enn betur tengsl atvinnulífs og skóla. Sýningin hefur verið sett upp í skólum víðs vegar um Vesturland en hefur nú hafið ferð sína um höfuðborgarsvæðið og er Ingunnarskóli þar fyrstur í röðinni.

Í sal skólans voru hengd upp spjöld frá hverju fyrirtæki þar sem þau voru vel kynnt. Við fengum svo til okkar gesti þriðjudaginn 20. janúar og sögðu þeir nemendum unglिंगadeildar frá sínum störfum og menntun. Þetta voru þeir Pétur Blöndal, framkvæmdastjóri Samáls samtaka álframleiðenda, Björn Berg Gunnarsson, þróunarstjóri fræðslumála hjá Íslandsbanka, og Rúnar Freyr Rúnarsson, rafvirki og rafveituvirki hjá Landsneti.



Nemendur voru áhugasamir og fyrirlesarar fengu margar áhugaverðar spurningar frá þeim.

8. bekkur vann svo aðeins áfram með þetta í lok vikunnar á þann hátt að nemendur völdu sér þrjár saman í hópi tvö fyrirtæki af spjöldunum sem þeim fannst áhugaverð, kynntu sér þau vel, hringdu jafnvel í þau og fengu frekari upplýsingar og skrifuðu svo stutta kynningu á fyrirtækjunum og kynntu í lokin fyrir bekknum sínum. Þetta var skemmtileg vinna sem tókst mjög vel.

Benni Kalli í heimsókn í 10. bekk

Benni Kalli (Berent Karl) kom í heimsókn til okkar í Ingunnarskóla fimmtudaginn 5. febrúar 2015 **til að ræða við nemendur í 10. bekk um hættuna sem skapast við hraðakstur.** Benni Kalli lenti sjálfur í mjög alvarlegu mótörhjólaslysi þegar hann var kornungur og glímur enn við afleiðingar þess.

Fyrirlestur Benna Kalla var mjög góður og frásögn hans lífleg án þess þó að draga úr alvarleika málsins. Hann dró ekkert undan og lýsti vel lífi sínu fyrir og eftir slys. Ekki var annað að sjá en að nemendur fylgdust vel með og þætti það sem hann hafði frá að segja bæði gagnlegt og skemmtilegt.

4.-5. bekkur

Kennararnir í 4.-5. bekk eru búnir að vera duglegir að búa til spurningakeppni fyrir nemendur þar sem þeir nota spjalddölvur til að svara spurningunum. Notað er forrit sem kallast Kahoot. Spurningakeppnirnar hafa verið í tengslum við þemað sem við erum að vinna að hverju sinni og hefur vakið mikla lukku bæði hjá nemendum og kennurum og er andrúmsloftið mjög spennuþrungið á meðan á keppninni stendur.



2.-3. bekkur


Í febrúar fór 2. og 3. bekkur í skemmtilega fræðandi safnaferð og ratleik í Gerðubergi á sýningarnar: Þetta vilja börnin sjá og Stund milli stríða. Á sýningunum sáu við fjölbreyttar myndskreytingar úr íslenskum barnabókum sem gefnar voru út á síðasta ári. Einnig skoðuðum við myndverk eftir systurnar Söru og Svanhildi Vilbergsdætur. **Á myndunum má finna þær sjálfar en einnig ótal þekkt andlit sem gaman er að rýna í.** Börnin höfðu mjög gaman af sýningunni og gekk ferðin mjög vel fyrir sig, börnin voru kurteis, þrúð og áhugasöm.



Matreiðslukeppni

Annar hluti matreiðslukeppni 6.-7. bekkjar fór fram fimmtudaginn 12. febrúar. Krakkarnir sýndu mikinn metnað og það var erfitt fyrir dómarana að velja einn sigurvegara.





Ingunnarskóli
Maríubaugi 1
113 Reykjavík
www.ingunnarskoli.is
Sími: 411 7828
Fax: 411 7838
Netfang:
ingunnarskoli@reykjavik.is